

7. febrúar 2012

Fundur nr. 71

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 7. febrúar 2012 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Sandra Helgadóttir, Heiða Elísdóttir og Kristján Árnason.

1. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir störfum sínum

Aukafundur verður haldinn þriðjudaginn 14. febrúar vegna fjarveru framkvæmdastjóra á þessum fundi.

2. Fundagerð síðasta fundar

Tengist 1. lið og verður því farið yfir þennan lið næsta þriðjudag.

3. Árgjald Þróttar

Stjórnin ákvað að þau börn sem vilja byrja að æfa hjá Þrótti núna eftir áramót og fram á vor greiða hálf æfingargjald. Næsta haust verða reglurnar teknar til endurskoðunar.

4. KSÍ fundur

Fundur KSÍ verður haldinn um næstu helgi og er Vignir yfirþjálfari tilbúin að fara fyrir hönd Þróttar. Stjórnin samþykkir það.

5. Aðalfundur

Verður haldin 20. mars. Fyrir aðalfundinn verður ársskýrsla félagsins að liggja fyrir og er hún í höndum framkvæmdastjórans.

6. Önnur mál

Næstkomandi haust stendur til að efla sunddeild Þróttar til muna.

Batmintonþjálfari kallar til foreldrafundar á næstu dögum til að upplýsa foreldra um starfið og hvað sé framundan.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:26